

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/130****2015/EES/63/13****frá 26. janúar 2015****um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Kína til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni  
bóluefna við hundaeði***(tilkynnt með númeri C(2015) 279) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2000/258/EB frá 20. mars 2000 um tilnefningu á sérstakri stofnun sem sér um að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluefnis við hundaeði <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 3. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með ákvörðun 2000/258/EB er rannsóknarstofa frönsku matvælaöryggisstofnunarinnar (fr. *Agence française de sécurité sanitaire des aliments*) (AFSSA) í Nancy, Frakklandi (sameinuð *Agence nationale de sécurité sanitaire de l'alimentation, de l'environnement et du travail*, ANSES, frá 1. júlí 2010), tilnefnd sem sérstök stofnun sem ber ábyrgð á að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófana til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði.
- 2) Í þeirri ákvörðun er kveðið á um að ANSES beri að skjalfesta mat á rannsóknarstofum í þriðju löndum sem hafa sótt um að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði.
- 3) Lögbært yfirvald Kína hefur lagt fram umsókn um samþykki fyrir greiningarstofu fyrir hundaeði og sjúkdóma sem berast milli manna og dýra í tengslum við villtar lifverur (e. *Diagnostic Laboratory for Rabies and Wildlife Associated Zoonoses*, DLR) Changchun rannsóknarstofnunar fyrir heilbrigði dýra og dýraafurða (e. *Changchun Veterinary Research Institute*) í Changchun og fyrir rannsóknarstofu í faraldsfræði (e. *Laboratory of Epidemiology*) rannsóknarstofnunar hersins fyrir heilbrigði dýra og dýraafurða (e. *Military Veterinary Research Institute*) í Changchun, sem er studd af hagstæðri matsskýrslu ANSES fyrir þessar rannsóknarstofur frá 15. september 2014.
- 4) Þessar rannsóknarstofur ættu því fá leyfi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði í hundum, köttum og frettum.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/258/EB hafa eftirfarandi rannsóknarstofur heimild til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði í hundum, köttum og frettum:

- a) Diagnostic Laboratory for Rabies and Wildlife Associated Zoonoses (DLR)

Changchun Veterinary Research Institute (CVRI)

Chinese Academy of Agricultural Sciences (CAAS)

666 Liuying West Rd,

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 28.1.2015, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 79, 30.3.2000, bls. 40.

Jingyue Economic Development Zone,

Changchun 130122

Kína

b) Laboratory of Epidemiology

Military Veterinary Research Institute,

Academy of Military Medical Sciences

666 Liuying West Rd, Jingyue Economic Development District

Changchun 130122

Kína

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. febrúar 2015.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Vytenis ANDRIUKAITIS

*framkvæmdastjóri.*

---